

A large, stylized yellow graphic of a person walking, composed of thick, rounded shapes, serves as the background for the text. The figure is positioned on the right side of the frame, with its legs and arms suggesting forward motion. The overall design is minimalist and modern.

NOTKUN STÆÐISKORTA

fyrir hreyfihamlað fólk

Stæðiskort er heimild til að leggja í P-merkt stæði.

Stæðiskortið er bundið við handhafa en ekki við bifreið. Öðrum en korthafa er óheimilt að nýta kortið.




P-merkt stæði eru stærri en almenn stæði vegna þess að fólk sem notar hjálpartæki þarf meira pláss. Því má ekki leggja tveim bílum í sama stæði né leggja í athafnasvæði milli stæða.



Stæðiskorthöfum er ekki skylt að leggja í P-merkt stæði, og eru hvattir til að nota almenn stæði þegar það hentar. **Stæðiskorthafar þurfa ekki að greiða í gjaldskyld stæði.**



Stærstu P-merktu stæðin eru fyrst og fremst ætluð notendum lyftubíla. Ökumenn smábíla eru hvattir til að leggja í almenn stæði eða minni P-merkt stæði þegar hægt er.




**Ekki er ætlast til að lagt sé í P-merkt
stæði ef korthafi ætlar ekki sjálfur
að fara í og/eða úr bílnum.**



Hreyfihömlun sést ekki alltaf strax utan á fólki. Margir korthafar hafa mjög lítið þrek til gangs.



Stæðiskort þarf að vera staðsett innan við framrúðu bifreiðar svo að framhlið þess, þar með talinn gildistími og númer kortsins, sjáist vel að utan.



**Útgefandi
Dreifing
1. útgáfa**

**ÖBÍ réttindasamtök
Sýslumannsembættið
2023**

öbí